



Alþingi
Erindi nr. P 136/899
komudagur 22.2.2009

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. febrúar 2009
Tilvísun: 200902-0021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 279. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 279.mál.

Alþýðusambandið ályktaði á ársfundi sínum í október sl. að nauðsynlegt væri að kanna hvort heimila ætti einstaklingum að nýta viðbótarlífeyrissparnað sinn til þess að greiða niður höfuðstól húsnæðisskulda ef þeir stæðu frammi fyrir húsnæðismissi.

ASÍ leggur áherslu á að verði slíkt heimilað er nauðsynlegt að tryggt sé að útgreiðsla séreignarsparnaðar:

- Leiði til þess að skuldari ráði við framtíðar skuldbindingar sínar og komi þannig í veg fyrir að heimili fari í þrot. Slíkt gæti t.a.m. verið liður í greiðsluaðlögunarferli hjá heimilum í miklum greiðsluvanda.
- Verði ekki til þess að aðrir eigendur séreignasparnaðar í sama sjóði verði fyrir tjóni vegna þessa.

ASÍ gerir athugasemdir við eftirfarandi þætti í frumvarpinu:

1. Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að eigendur séreignarsparnaðar geti tímabundið óskað eftir innlausn á sparnaði sínum til greiðslu skulda. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinni annarri takmörkun á útgreiðslunni eins og t.d. varðandi greiðsluvanda eða hámarksfjárhæð. Rétt er að hafa í huga að eignir í séreignarsjóðum eru að lang stærstum hluta bundnar í verðbréfum sem losa þarf um, mun fyrr en fjárfestingarstefna sjóðanna gerði upphaflega ráð fyrir, til þess að unnt sé að greiða sparifjáreigendum út eign sína. Eins og stendur er seljanleiki eigna á fjármálamörkuðum mjög takmarkaður og erfitt getur reynst að breyta bundum eignum í laust fé á ásættanlegu verði. Verði

Alþingi er þakklátur

• P. 136/899
• 22.2.2009



heimildir til innlausnar á séreignarsparnaði mjög víðtækar, er hætta á að það leiði til lækkunar á verðgildi eigna sjóðanna og rýri sparnað allra sjóðsfélaga.

2. Með því að skilyrða útgreiðslu séreignarsparnaðar við það að vörsluaðili greiði niður skuldir eigandans eykst hættan á því að skuldarar sem eru í miklum fjárhagserfiðleikum freistist til eða verði beittir þrýstingi að hálfu lánveitanda að nota séreignarsparnaðinn til niðurgreiðslu á skuldum óháð því hvort það leiði til þess að skuldarinn muni í kjölfarið ráða við skuldbindingar sínar. Lánveitendur fá þannig aðgang að lífeyrissparnaði fólks sem ekki er aðfararhæfur og eigandi séreignarsparnaðarins tapar lífeyrissparnaði sínum.
3. Samkvæmt reglum 36.gr. laga 54/2006 um atvinnuleysistryggingar skerðast atvinnuleysisbætur m.a. vegna tekna úr séreignarlífeyrissjóði. Að óbreyttum reglum myndi a.m.k. helmingur þess sparnaðar sem losaður verður, skerða atvinnuleysisbætur auk þess sem útgreiddur séreignarsparnaður er skattskyldur. Hætta er á að heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar skili litlum ef nokkrum árangri séu greiðslurnar jafnharðan notaðar til skerðingar atvinnuleysisbótum og skattlagðar að auki.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að ef heimila á útgreiðslur úr séreignarsjóðum verði tryggt að tilgangurinn sé einvörðungu að bjarga heimilum í greiðsluvanda og takmörk sett sem komi í veg fyrir áhlaup á sjóðina.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Henný Hinz
Hagfræðingur